

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 15. desember 2014 kl. 11:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til símafundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi á 1. hæð Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundarsambandi voru nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Hermann Jón Tómasson.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐIR

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundum ráðgjafarnefndar 24. október og 28. nóvember 2014. Athugasemdir sem fram komu við fundargerð frá 28. nóvember 2014 höfðu verið leiðréttar og voru fundargerðirnar báðar samþykktar og undirritaðar.

FUNDARGERÐ FRÁ FUNDI MEÐ FORSTÖÐUMÖNNUM SKÓLASKRIFSTOFA

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá árlegum fundi ráðgjafarnefndar með forstöðumönnum skólaskrifstofa 28. nóvember 2014. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2014

Í álitum umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 11. desember sl., sem lagt var fram við 2. umræðu fjáráskjalanna kemur fram að nefndin telji að skoða þurfi betur ákvæðið um greiðslu sérstaks framlags úr Jöfnunarsjóði vegna aukinna tekna ríkissjóðs af bankaskatti og leggur til að frumvarpið um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, sem verið hefur til umfjöllunar á Alþingi, verði samþykkt án þess ákvæðis.

Með tilvísun til þessa fjallaði nefndin um ráðstöfun þeirra 367 m.kr. sem áætlað var að færu í sérstaka framlagið vegna bankaskattsins á árinu og kæmu til greiðslu fyrir áramót.

Nefndin samþykkti að leggja til að ákvörðun um ráðstöfun fjárhæðarinnar væri frestað fram í janúar eða þar til fram hefði farið frekari skoðun á þeim hluta frumvarpsins er fjallar um bankaskattinn og greiðslu sérstaka framlagsins.

FRUMVARP TIL FJÁRLAGA 2015

Lagt var fram til kynningar þingskjal nr. 639 þar sem fram kemur breyting á áætluðu framlagi úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð á árinu 2015.

Við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 2015 kom fram tillaga um viðbótarframlag í Jöfnunarsjóð að fjárhæð 400 m.kr. í tengslum við þær reglugerðarbreytingar sem velferðarráðuneytið hyggst gera vegna húsaleigubóta þegar líða tekur á árið 2015 og tengjast áframhaldandi aðlögun að nýjum húsnaðisbótum.

Viðbótarframlög frá ríki vegna húsaleigubóta á árinu 2015 nema þá samtals 3.068 m.kr. Greiðslu- og rekstraráætlunin hafði því verið leiðrétt með tilliti til þess.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2015

Endurskoðun

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2015. Endurskoðunin hafði einkum verið fólgin í endurmati á tekjum sjóðsins vegna hlutdeildar hans í sérstökum bankaskatti og ráðstöfunarfjármagni vegna einstakra framlaga í gjaldahlíð áætlunarinnar.

Ríkisframlagið vegna 2,12% hlutdeildar sjóðsins af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs nemur samtals 11.994 m.kr. Þar af er áætlað að tekjur vegna bankaskattsins á árinu 2015 nemi um 735 m.kr. Að viðbættu framlagi að fjárhæð 2.859 m.kr., sem er 0,264% hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars næstliðins árs og viðbótarframlaginu vegna húsaleigubóta nema áætluð framlög frá ríki í sjóðinn á árinu 2015 samtals 17.921 m.kr. Að teknu tilliti til hlutdeildar sjóðsins í útsvarstekjum sveitarfélaga vegna yfirfærslu á rekstri grunnskólans og málefnum fatlaðs fólks, samtals að fjárhæð 20.446 m.kr., framlagi að fjárhæð 347 m.kr. vegna eflingar tónlistarfræðslu og vaxtatekna nema áætlaðar tekjur sjóðsins samtals 38.858 m.kr. á árinu 2015.

Áætluð gjöld sjóðsins nema sömu fjárhæð eða samtals 38.858 m.kr. Þar af er óráðstafað 172 m.kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2015 væri samþykkt

FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Sérstakt framlag vegna skerðingar á jöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar

Á grundvelli e-liðar 1. gr. reglna um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003, er greitt sérstakt framlag í fjögur ár eftir sameiningu er nemur samtals þeirri skerðingu sem verður á tekju- og útgjaldajöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar sveitarfélaga.

Við sameiningu Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness á árinu 2013 kom til skerðingar á útgjaldajöfnunarframlögum sjóðsins til nýja sveitarfélagsins að fjárhæð 104,6 m.kr. að teknu tilliti til heildarúthlutunar framlaganna á grundvelli A- hluta að fjárhæð 5.350 m.kr. Að teknu tilliti til heildarúthlutunar á grundvelli A-hluta framlaganna á árinu 2014, að fjárhæð 6.000 m.kr., nemur skerðingin 117,3 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti því að leggja til að úthlutun framlags til Garðabæjar á grundvelli e-liðar reglnanna nr. 295/2003 næmi 117,3 m.kr. á árinu 2014. Til greiðslu hafa komið 75,0 m.kr. Eftirstöðvar að fjárhæð 42,3 m.kr. koma til greiðslu fyrir áramót.

Framlög vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu

Á grundvelli f- liðar 1. gr., sbr. c- lið 3. gr. reglnanna nr. 295/2003 eru greidd framlög í allt að 5 ár til endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í nýju sveitarfélagi. Á grundvelli samþykkrar tillögu ráðgjafarnefndar er greiðslutilhögun framlaganna sem hér segir: Á fyrsta ári eftir sameiningu 30%, á öðru ári 30%, á þriðja ári 25%, á fjórða ári 10% og á fimmta ári 5%.

Skil á greinargerð um framgang áforma um endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu á árinu er forsenda þess að framlag ársins komi til greiðslu. Lagðar voru fram til kynningar greinargerðir frá þeim sveitarfélögum er sameinuðust á árunum 2010, 2012 og 2013. Á grundvelli þeirra samþykkti nefndin eftirfarandi tillögum um úthlutun framlaga á árinu:

- Hörgársveit 6,6 m.kr. Um lokagreiðslu framlags er að ræða. Þar af hafa 0,9 m.kr. komið til greiðslu á árinu.
- Húnaþing vestra 7,5 m.kr. Þar af hafa 3.750.000 kr. komið til greiðslu á árinu.
- Garðabær 15,0 m.kr. Þar af hafa 7,5 m.kr. komið til greiðslu á árinu.

Húnaþing vestra og Bæjarhreppur sameinuðust á árinu 2012. Í greinargerð frá Húnaþingi vestra, dags. 1. desember 2014, er þess jafnframt farið á leit að ráðgjafarnefndin taki afstöðu til endanlegs framlags hvað endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í nýja sveitarfélaginu varðar. Með tilvísun til áforma sveitarfélagsins þar að lútandi samþykkti nefndin að leggja til að heildarframlag til endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í Húnaþingi vestra næmi allt að 36,0 m.kr.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Sóknaráætlanir landshluta – Norðurland vestra

Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 24. október 2014 að leggja til að greiðslur framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna samstarfsverkefna í tengslum við sóknaráætlanir landshluta á árinu 2014 færu fram í tvennu lagi. Fyrri greiðslan færi fram á grundvelli stærðar svæðis og vegalengdar til Reykjavíkur. Seinni greiðslan færi fram á grundvelli verkefnavinnu. Forsendur fyrir greiðslum framlaga væru skil á greinargerð um framkvæmdir. Greinargerðir höfðu borist frá 7 landshlutasamtökum af 8 og var fyrri greiðslan til þeirra innt af hendi 7. nóvember sl.

Greinargerð frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hafði nú borist og var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu á fundinum. Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að greinargerðin væri samþykkt. Nefndin samþykkti jafnframt að uppgjör framlaga vegna verkefnisins á árinu færi fram fyrir áramót.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG

Endurskoðuð úthlutun 2014 - Uppgjör

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 8. október sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2014. Tekjujöfnunarframlögum er úthlutað á grundvelli 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010. Við útreikning og uppgjör framlaganna á grundvelli hámarkstekjumöguleika sveitarfélaga eru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar:

- Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2014, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands.
- Hámarksálagning útsvars er 14,48%, en við útreikning framlaganna kemur til frádráttar 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarsstofni vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar og 0,99% vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Viðmiðunarprósenta útsvars við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2014 vegna álagningar 2013 er því 12,76%.
- Hámarksálagning fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats, skv. a. lið 0,625%, skv. b- lið 1,320% og skv. c- lið 1,65%.
- Úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts að fjárhæð 3.621,0 m.kr.
- Tekjur sveitarfélaga af meiriháttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjaldi eru teknar með í útreikningi á hámarkstekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á meðaltekjum í viðkomandi flokki.
- Heimilt er að úthluta tekjujöfnunarframlagi sem hækkar sveitarfélög upp í allt að 97% af meðaltekjum viðkomandi viðmiðunarflokks.
- Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með færri en 300 íbúa er meðaltekjum Skorradalshrepps sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með fleiri en 12.000 íbúa er meðaltekjum Garðabæjar jafnframt sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Þessar aðgerðir leiða til lækkunar meðaltekna viðmiðunarflokks.
- Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir lagði ráðgjafarnefndin til að sveitarfélög verði hækkuð upp í 95,83% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokki og að heildarúthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2014 nemi **samtals 1.248.224.339 kr.**

Í október sl. komu um 3/4 hlutar af áætluðum framlögum, eða framlög að fjárhæð 853.290.926 kr., til greiðslu. Uppgjör framlaganna að fjárhæð 394.933.413 kr. fer fram nú í desember.

Við tillögugerð að uppgjörsgreiðslu tekjujöfnunarframlaga til Reykjanesbæjar vék nefndarmaðurinn Björk Þorsteinsdóttir af fundi.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Endurskoðuð úthlutun 2014 - Uppgjör

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 28. nóvember sl. samþykkti nefndin að leggja til að heildarfjárhæð útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins á árinu 2014 væru hækkuð úr 6.050,0 m.kr. í 6.750,0 m.kr. eða um 700,0 m.kr. vegna hækkunar á lögbundnum framlögum frá ríki. Framlög á grundvelli viðmiða í A-hluta framlaganna nema samtals 6.000,0 m.kr. Til ráðstöfunar í framlögin vegna skólaaksturs úr dreifbýli, sem tilheyra B-hluta framlaganna, eru samtals 750,0 m.kr. Þar af renna 175,0 m.kr. til sérstakra viðbótarframlaga vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur úr dreifbýli á árinu umfram tekjur.

Við endurskoðun og uppgjör útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins á grundvelli 13. gr. reglugerðar, nr. 960/2010 voru eftirfarandi þættir lagðir til grundvallar:

- Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2014.
- Fjöldi nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2014.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2014.
- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs skólaárið 2013 - 2014.
- Upplýsingar um fjölda íbúa sveitarfélaga 1. desember 2010, 2011 og 1. janúar 2013 og 2014 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2014 vegna tekjuskerðingar.

Við tillögugerð að uppgjörsgreiðslu framlaganna til Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Björk Þorsteinsdóttir, Bjarni Jónsson, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

Viðbótarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu yfirlit yfir framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B - hluta 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010 sem nema samtals allt að 750,0 m.kr. á árinu 2014 eins og fram hefur komið. Til úthlutunar á árinu komu 575,0 m.kr. sem greiddar voru mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Á grundvelli umsókna og sérstakra vinnureglna frá 11. desember 2012 koma til úthlutunar viðbótarframlög sem nema allt að 175,0 m.kr. vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2014 umfram tekjur.

Helstu forsendur við útreikning viðbótarframlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2014 eru:

- Kostnaður við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2014 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.
- Skerðing framlaganna sem tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi, sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2014.
- Með breytingu á vinnureglum um úthlutun framlaga vegna skólaaksturs er Akureyrarkaupstað nú heimilt að sækja um framlag vegna skólagöngu nemenda úr Grímsey er stunda nám í efri bekkjum grunnskólans á Akureyri, sbr. heimildarákvæði í b-lið 3. gr. vinnureglnanna frá 11. desember 2012.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að úthlutun viðbótarframlaga vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2014 væri hækkuð úr 175,0 m.kr. í 187,4 m.kr. svo hægt væri að bæta

útreiknaða fjárförf vegna skólaakstursins úr dreifbýli að fullu. Með tilvísun til þessa nemur samþykkt tillaga ráðgjafarnefndar um úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu 2014 samtals 6.762,4 m.kr.

Við tillögugerð að úthlutun viðbótarframlags vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur úr dreifbýli til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS ÖNNUR FRAMLÖG

Framlög vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla 2013

Á grundvelli 2. töluliðar 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002 er heimilt að veita framlög til sveitarfélaga vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla umfram þær tekjur sem sveitarfélögum voru tryggðar með hækkuðu útsvari og framlögum úr Jöfnunarsjóði í kjölfar yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1996.

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu eftirfarandi umsóknir vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2013:

- Umsókn Breiðdalshrepps, dags. 24. september 2014
- Umsókn Árneshrepps, dags. 28. október 2014

Fyrir liggja endanlegir útsvarsstofnar sveitarfélaga fyrir árið 2013, sem tekið er mið af við útreikning mögulegs framlags.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að umsóknir Breiðdalshrepps og Árneshrepps um framlag á grundvelli viðmiðunarreglna Jöfnunarsjóðs og endanlegs álagningarstofns útsvars fyrir árið 2013 væru teknar til greina og til úthlutunar kæmi framlag til Árneshrepps að fjárhæð 2.148.283 kr. og til Breiðdalshrepps að fjárhæð 3.447.945 kr.

NÝ REGLUGERÐ VEGNA GREIÐSLU FRAMLAGS VEGNA BANKASKATTIS

Sérstakt framlag vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki

Eins og áður hefur komið fram þá hafnaði umhverfis- og samgöngunefnd því ákvæði í frumvarpinu til breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, er kveður á um greiðslu á sérstöku framlagi vegna bankaskattsins og telur ákvæðið þurfa nánari skoðunar við.

Lögð voru fram til kynningar eftirfarandi gögn er snerta ákvæðið og mögulega framkvæmd þess:

- Drög að reglugerð um greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á sérstöku framlagi vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki.
- Nefndarálit með breytingartillögu.

FRAMLÖG VEGNA BANKASKATTIS

Úthlutun framlaga vegna júlí – desember 2014

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2015

Lögð var fram til kynningar tillaga að úthlutun framlaga vegna bankaskatts fyrir tímabilið júlí – desember 2014 og tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga vegna bankaskattsins á árinu 2015 nái ákvæðið um bankaskattinn í frumvarpinu til breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga fram að ganga

ÖNNUR MÁL

Vegalengdir í þéttbýli sveitarfélaga vegna snjómoksturs

Niðurstaða eftir uppfærslu

Á fundi ráðgjafarnefndar 8. september sl. samþykkti nefndin að leggja til að fram færi uppfærsla vegalengda í þéttbýli vegna snjómoksturs. Leitað var upplýsinga hjá viðkomandi sveitarfélögum og svör hafa nú borist frá þeim nema Akureyrarkaupstað. Í yfirliti sem lagt var fram á fundinum til kynningar kemur fram að nánar þurfi að vinna úr upplýsingagjöf nokkurra sveitarfélaga.

Endurskoðun Jöfnunarsjóðs

Fram kom að von væri á Norðmönnum til landsins sem hópurinn, sem vinnur að heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs, hafði hitt og fundað með í ferð sinni til Oslóar á síðasta ári. Væntanlegar breytingar á regluverki sjóðsins verða kynntar fyrir Norðmönnum.

Samþykkt var að stefnt væri að símafundum ráðgjafarnefndar 29. desember nk. kl. 13:00

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 12:15.

Halldór V. Kristjánsson